

Mótt. 6/11 18

## Fjarbeiðni Stígamóta fyrir árið 2019

Reykjavík 31. október 2018

Ágæta sveitarstjórnarfólk,

Árlega leita Stígamót til allra sveitarstjórna landsins til þess að óska eftir fjárstuðningi og samstarfi um reksturinn. Rétt er að taka fram að öll þjónusta Stígamóta við brotapolá er ókeypis.

Árið 2017 leituðu 969 einstaklingar hjálpar hjá okkur, þar af 453 í fyrsta skipti og fjöldi ráðgjafarviðtala var 3091. Aðstandendur brotapolá voru 74. Um er að ræða 30% aukningu milli ára og hafa aldrei fleiri einstaklingar leitað til Stígamóta. Við höfum gert okkar allra besta til að mæta þessari aukningu en löng bið eftir viðtali er farin að vera viðvarandi.

Stígamót bjóða upp á einstaklingsviðtöl og sjálfshjálparhópa fyrir brotapolá kynferðisofbeldis, bæði karla og konur. Einnig veitum við aðstandendum stuðning. Við sinnum heilmikilli fræðslu og erum m.a. í samvinnu við félagsmiðstöðvar og skóla um allt land. Auk þess erum við reglulega með tímabil þar sem við leggjum áherslu á samfélagslega vitundarvakningu. Nú síðast í febrúar á þessu ári þar sem hleypt var af stokkunum fræðslu- og forvarnarátaki undir yfirskriftinni #sjúkást sem vakti mikla athygli og skilaði sér einnig í aukinni aðsókn til Stígamóta. Við viljum gera þetta verkefni að föstum lið í starfseminni og stefnum að næsta átaki í febrúar/mars 2019.


Stígamót hafa boðið upp á þjónustu við fólk utan höfuðborgarsvæðisins. Síðastliðið ár flaug ráðgjafi frá Stígamótum austur á land hálfsmánaðarlega og komust færri að en vildu. Þjónusta var líka veitt á Ísafirði, í Borgarnesi og á Akranesi. Á þessum svæðum greiddu sveitarfélögin ferðakostnað. Á öðrum stöðum utan höfuðborgarsvæðisins nýtir fólk sér símaviðtalsþjónustu okkar og/eða netspjall. Um helmingur þeirra sem nýta þjónustuna á hverju ári búa utan Reykjavíkur.

Við erum sífellt að reyna að bæta þjónustu okkar og hefur starfsemin verið aukin og bætt á undanförunum árum. T.d var ráðinn karlkyns ráðgjafi og það hefur skilað sér í aukinni aðsókn karlkyns brotapolá. Einnig var flutt í húsnæði sem býður fullt aðgengi fyrir hreyfihamlað fólk.

Gert hefur verið gæðamat á þjónustunni þar sem mældir voru þættir eins og sjálfvirðing, þunglyndi, streita og kvíði hjá okkar fólk áður en viðtöl hófust og eftir a.m.k. fjögur ráðgjafarviðtöl. Í ljós kom marktæk bót á öllum þáttum, sem ætti að vera fólk hvatning til þess að leita sér hjálpar.

Rekstur Stígamóta er algjörlega háður skilningi og stuðningi opinberra aðila. Enn einu sinni skorum við á sveitarstjórnarfólk að forgangsraða í þágu velferðar íbúanna og taka þátt í starfinu með okkur.

Með vinsemd og virðingu  
f.h. Stígamóta

  
Þórunn Þórarinsdóttir



## Fjárhagsáætlun Stígamóta fyrir árið 2019

<u>Rekstrargjöld:</u>	<u>ársreikn</u> <u>2017</u>	<u>framreikn</u> <u>v/2018</u>	<u>áætlun</u> <u>2019</u>
Laun og launatengd gjöld	114.238.285	112.000.000	120.000.000
Húsnæðiskostnaður	9.950.592	13.000.000	11.000.000
Rekstur skrifstofu	4.061.651	4.200.000	5.000.000
Ferðakostnaður/ráðgjöf úti á landi	1.493.356	1.500.000	3.000.000
Tæki, áhöld, viðhald búnaðar	3.052.207	3.000.000	3.000.000
Kynning, námskeið, fræðsla	4.209.362	6.500.000	14.000.000
Fjáraflanir	3.766.129	6.000.000	5.000.000
Annar kostnaður	10.584.027	9.600.000	10.000.000
	<u>151.355.609</u>	<u>155.800.000</u>	<u>171.000.000</u>
<b><u>Rekstrartekjur:</u></b>			
Fjársýsla ríkisins - áætlað á fjárlögum			-80.000.000
Styrkir frá sveitarfélögum			-20.000.000
Styrkir aðrir			-45.000.000
			<u>-145.000.000</u>
Sá hluti rekstrar sem fé vantar til:			<b>26.000.000</b>